TP-Link HB810

21.05.2025

TP-Link HB810 er öflugasti netbeinirinn sem við bjóðum uppá og WiFi mesh búnaður Símans. Hann styður hraða allt að 10 gígabit á sekúndu og styður nýjasta WiFi 7 staðalinn sem býður upp á mun meiri hraða en fyrri WiFi staðlar.



Að tengja beininn

Það er einfalt að tengja netbeininn, helsta atriðið er að staðsetja hann vel. Netbeinirinn þarf að tengjast við ljósleiðarabox með snúru, en reyndu að koma honum fyrir þannig að hann geti sent út þráðlaust net hindranalaust. Þú getur kynnt þér hvernig þú hámarkar hraða og drægni á WiFi hér.



Tengja við ljósleiðara

 Tengdu netsnúru tengið aftan á netbeininum merktWAN/LAN og hinn endann í ljósleiðaraboxið í tengi merktEthernet 1 eða LAN 1. • Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.

Hvað er SFP+?

61

Eitt tengið á netbeininum er merkt *SFP+*, en það er annar tengistaðall sem er almennt ekki notaður nema með sértilgerðum snúrum og búnaði. Netbeinirinn getur ekki notað *WAN* og *SFP+* tengin á sama tíma, þannig að við mælum með að skilja *SFP+* tengið eftir tómt.

Stöðuljósið á netbeininum

Undir netbeininum að framan er ljós sem sýna stöðuna á honum og lætur þig vita ef einhver vandamál koma upp.

Slökkt		Slökkt er á netbeininum eða hann er ekki í sambandi við rafmagn.
		Athugaðu tengingar og hvort það logi grænt ljós straumbreytinum.
Rautt	Blikkar	Netbeinirinn hefur misst netsamband.
	Stöðugt	Netbeinirinn nær ekki að ræsa sig eðlilega. Prófaðu að endurræsa hann
		eða hafðu samband við þjónustuverið okkar.
Gult	Blikkar	Netbeinirinn er að ræsa eða endurstilla sig.
	Stöðugt	Netbeinirinn nær sambandi við netið en er ekki búinn að ræsa sig að
		fullu.
Blátt	Blikkar hratt	Netbeinirinn hefur fundið tæki og er að para sig.
	Blikkar hægt	Netbeinirinn er í pörunarham.
	Stöðugt	Netbeinirinn er í gangi en nær ekki netsambandi. Athugaðu sambandið
		á snúrunni í bláa WAN tenginu.
Grænt eða hvítt	Blikkar	Netbeinirinn er að uppfæra sig.
	Stöðugt	Netbeinirinn er uppsettur og tengdur við netið.

Tengja önnur tæki

Þú getur tengt tæki eins og tölvur, snjallsíma og sjónvörp við netið með snúru eða WiFi, en beinirinn býður upp á þrjár leiðir til að tengjast við WiFi; hefðbundið **nafn og lykilorð**, **WPS** eða **QR kóða**. Við mælum þó með að snúrutengja stærri tæki eins og tölvur og snjallsjónvörp þegar þú getur, því þannig færðu hraðasta og stöðugasta netsambandið.

Tengjast með snúru

i

Til að snúrutengja tæki við netbeininn þarftu einfaldlega að tengja netsnúru úr tækinu þínu yfir í eitt af gulu *Ethernet* tengjunum aftan á netbeininum. Tengið merkt**LAN 3** styður hraða allt upp að 10 Gb/s, en hin tvö tengin styðja allt að 2,5 Gb/s hraða.

Tengjast WiFi með nafni og lykilorði

Upplýsingar um WiFi eru á límmiða undir netbeininum. WiFi nafnið er merkt SSID og lykilorðið til að tengjast við það er merkt Wireless password. WiFi lykilorðið er blanda af hástöfum og tölustöfum.

Tengjast WiFi með WPS

Með WPS getur þú tengt tæki á WiFi án þess að nota lykilorðið. Netbeinirinn er þá settur í pörunarham og samþykkir tengingu frá fyrsta tæki sem reynir að tengjast við hann.

- Ýttu á WPS takkann aftan á netbeininum.
- Ljósið undir netbeininum verður blátt og blikkar hratt þegar hann er kominn í pörunarham.
- Næsta skref fer eftir hvernig tæki þú ert að reyna að tengja:
 - Ef þú ert að tengja tölvu eða snjalltæki þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og tengjast þar.
 - Ef tækið er ekki með skjá ætti að vera svipaður WPS takki á því til að setja það í pörunarham.
- Eftir smá stund ættu tækið þitt og netbeinirinn að finna hvort annað og tengjast.

Tengjast WiFi með QR kóða

Flest nýleg snjalltæki sem eru með myndavél geta tengst WiFi með því að skanna QR kóða.

- Opnaðu myndavélina eða QR skanna app í tækinu þínu.
 - Í sumum tækjum þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og velja að tengjast með QR kóða.
- Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er prentaður á límmiða undir netbeininum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að tengjast netinu.

Ítarlegar stillingar

Þú finnur stillingar fyrir WiFi lykilorð, foreldrastýringu og fleira í Aginet appinu eða í vefviðmóti netbeinisins.

Endurstilla netbeini (Factory reset)

Með því að endurstilla netbeininn hreinsar þú út allar stillingar og breytir þeim aftur í upprunaleg gildi. Til að endurstilla netbeininn þarftu að ýta á **RESET** takkann undir honum. Takkinn er felldur inn í beininn svo það sé ekki hægt að ýta á hann fyrir slysni, þannig að þú þarft pinna (til dæmis tannstöngul eða bréfaklemmu) til að ná í hann. Haltu takkanum inni í 10 sekúndur eða þar til **Power** ljósið framan á honum byrjar að blikka.

